

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalveg 32. Í breytingunni felst að byggingarreitur sem liggur í miðri lóðinni (áfangi 2) er stækkaður um 3,4 m til suðurs.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. maí 2018 tillögu að breyttu deiliskipulagi Hagamára 1. Í tillögunni felst að sjálfvirkar bensíndælur sem staðsettar eru á suðvesturhluta lóðarinnar eru fluttar austur fyrir aðkomu að Smáralind frá hringtorgi á Hagasmára. Við það fækkar bílastæðum á svæðinu um 12.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 4. júní 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.